

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Jóns Þrándar Stefánssonar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Táknafirði 19.febrúar 2020

Varðar: Sérreglur Táknafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta 2019-2020

Undirritaður f.h. Steglu ehf., Miðtúni 18, 460 Táknafirði, sem er útgerðaraðili Sæla BA-333 (2736), vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við reglur og rökstuðning Táknafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2019/2020 dagsettum 23.janúar 2020.

Sveitarstjórn Táknafjarðarhrepps óskar eftir að gera þrjár breytingar á úthlutunarreglum, í fyrsta lagi að fella niður vinnsluskylduna. Í öðru lagi eru hlutföllum breytt frá fiskveiðiárinu 2018/2019 og er lagt til að skipt sé 50% jafnt og 50% skipt í hlutfalli við landaðan afla og í þriðja lagi er lækkað mótframlag afla.

4.júlí 2019 gaf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út reglugerðir er varða úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 annarsveggar til byggðalaga (nr.675/2019) og hinsveggar til fiskiskipa (nr.676/2019) og kjölfarið gaf Fiskistofa út leiðbeiningar um breytta framkvæmd við úthlutun kvótans. Það er ástæða til að draga þetta fram hér, því undirritaður hefur lengi verið talsmaður þess að sveitarfélög vinni sínar tillögur fyrir 1.september ár hvert svo útgerðir geti skipulagt rekstur sinn í samræmi við það.

Undirritaður hefur frá 1.september 2019 unnið í anda þeirra reglna sem í gildi hafa verið og aflað sér réttinda á grundvelli þeirra. Nú vill sveitarstjórn gera breytingar á þeim þegar fiskveiðiárið er hálfnað og nánast allar veiðiheimildir búnar af bát undirritaðs. Það er erfitt að starfa í slíku starfsumhverfi og þær breytingar sem lagðar eru til munu hafa mikil áhrif á útgerð undirritaðs og starfsöryggi starfsfólks hans. Óskað var skýringa á þeim rökstuðningi sem sveitarstjórn setur fram í bréfi sínu til ráðuneytisins og kallað eftir gögnum og útreikningi sveitarfélagsins að baki honum en það fengust fá svör. Rökstuðningur sveitarstjórnar er eftirfarandi:

- *Enginn fiskvinnsla starfandi í Táknafjarðarhreppi sem er sjálfstætt sveitarfélag.*
Það hefur því miður verið reyndin síðan árið 2015 þegar Þórsberg lokaði, en síðan þá hefur verið vinnsluskylda á afla innan atvinnusvæðisins. Fiskvinnslan Oddi hf. er einungis í 16 km fjarlægð og það eru almenningssamgöngur á milli staða sem Oddi hf. ásamt fleiri fyrirtækjum og sveitarfélögunum tveim á svæðinu halda úti. Á árinu 2018/2019 voru starfsmenn Odda hf. 8-11 þar af 3-4 á sjó og 5-7 í landi með lögheimili á Táknafirði. Þá hafa starfsmenn Odda hf. (sjómenn) og Steglu ehf., verið með hæstu útsvarsgreiðendum í Táknafjarðarhreppi um langt árabíl.
- *Útgerðir í Táknafjarðarhreppi hafa ekki allar viljað semja við vinnslu í nágrennabyggðalagi um kaup á afla sem veiddur er vegna byggðakvóta þar sem margir eru ósáttir við verð og viðskiptahætti umræddrar vinnslu.*
Undirritaður hefur verið í viðskiptum við Odda hf. frá haustinu 2015 og hafa þau viðskipti gengið mjög vel, það er fyrir neðan virðingu sveitarstjórnar að setja fram slík rök án haldbærra gagna.
- *Færð hafa verið rök fyrir lægri tekjum og sveitarstjórn sýndir útreikningar á tekjutapi þeirra sem skipta við vinnslu í nágrennasveitarfélagi.* Frá því að undirritaður hóf útgerð árið 1991

og allar götur síðan hefur hann verið í föstum viðskiptum við vinnslur fyrst Þórsberg á Tálknafirði og síðar Odda hf. á Patreksfirði eins og fram hefur komið. Reglulega hefur verið tekið saman mismunur á markaðsverði og því fasta verði sem fiskvinnslan hefur keypt aflann á sem þó er tengt markaðsverði að hluta. Niðurstaðan að þegar horft er til langs tíma að sveiflur jafnast nokkuð vel út og það er varasamt að horfa til of stutts tímabils í einu. Það væri afar fróðlegt að taka þetta saman einhverja áratugi aftur í tímann og draga fram hver sú mikla breyting er sem sagt er að hafi orðið eftir að fiskvinnslan lokaði á Tálknafirði og vinnsluskyldan færðist til Odda hf.

- *Tekjur Tálknafjarðarhafnar af lönduðum afla og fiskiskipum hafa dregist saman milli ára þar sem færri stunda útgerð í sveitarfélaginu, meðal annars vegna vinnsluskyldu á byggðakvóta.* Það hafa litlar sem engar breytingar verið á útgerðarmynstri í Tálknafirði frá 2015 þegar vinnslan lokaði þar. Að halda því fram að tekjur hafnarinnar muni aukast við þessar breytingar sem lagðar eru til orkar tvímælis þar sem sveitarstjórn leggur til að lækka mótframlag fyrir byggðakvóta þannig að í stað 900 tonna munu 600 tonn koma á land. Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar miðar að því að flest gjöld eru greidd út frá þeim kílóum sem bátur landar og því standast þessi rök engan veginn.
- *Fækkun starfa í útgerð og störfum tengdum útgerð og þjónustu við hana hefur fækkað á síðustu árum og þar með einnig afleiddum störfum. Brún nauðsyn er til að leita allra leiða til að fjölga störfum í Tálknafjarðarhreppi til að efla þar byggð og tryggja sveitarfélaginu tekjur.* Undirritaður tekur undir mikilvægi þess að leita allra leiða til þess að fjölga störfum í Tálknafjarðarhreppi og efla þar byggð og telur sig hafa lagt sitt af mörkum öll þau ár sem hann hefur stundað útgerð í Tálknafirði og alla tíð landað hverju kíló til vinnslu fyrst á Tálknafirði og síðan á atvinnusvæðinu. Undirstrikað er að ekki hafa orðið breytingar á útgerðarmynstri frá árinu 2015 er vinnslan lokaði. Eftir að reglum um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhreypps var breytt þannig að ákveðið hlutfall skiptist jafnt á milli báta opnaði það leið fyrir fleiri inn í kerfið. Það er ekki metið meira en svo að til þess að afla sér réttinda er neitað að gera vinnslusamning sem hefur þó verið grunnurinn að mati undirritaðs í því kerfi sem byggðakvótinn er að aflinn sé unnin á atvinnusvæðinu og styrkja þar með atvinnu í landi. Á það skal bent að byggðakvóti Tálknafjarðarhreypps væri ekki að „brenna inni“ ef menn sættu sig við þær reglur sem gilt hafa hingað til.
- *Nánast útilokað er fyrir nýliða í útgerð að komast að við úthlutun byggðakvóta þar sem þá skortir viðmið í veiðireynslu. Með afnámi vinnsluskyldu telur sveitarstjórn Tálknafjarðarhreypps meiri líkur fyrir nýliða til að geta komið undir sig fótunum í útgerð.* Undirritaður fær ekki með nokkur móti séð hvernig afnám vinnsluskyldu hjálpar þeim sem skortið viðmið í veiðireynslu að koma undir sig fótunum í útgerð.
- *Til að auðvelda nýliðum að komast inn í útgerð leggur sveitarstjórn til að mótframlag útgerðar verði tonn á móti tonni.* Þessi breyting hentar útgerðum vel en bent er á að það mun hafa í för með sér lækkun á tekjum hafnarinnar.
- *Eftir sem áður er þeim fáu útgerðum sem hafa gert samning um vinnsluskyldu heimilt að ganga til samninga við vinnslu í nágrannasveitarfélagi kjósi þeir svo.* Ef vinnsluskylda verður afnuminn þarf ekki leyfi sveitarfélags til þess að gera vinnslusamning og hægt verður að vinna aflann hvar sem er á landinu.

Að lokum vill undirritaður benda á skort á gögnum og útreikningum á bak við tillögur þessar. Það er ekkert mat lagt á það hvað sveitarfélagið hefur haft í tekjur samkvæmt því kerfi sem unnið hefur verið eftir hingað til og þá hver áhrifin eru af þessum breytingum. Í 2.gr.reglugerðar 676/2019 segir :

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillaagna sveitarstjórna að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaða.


Þegar heildarmyndin skoðuð telur undirritaður að rökstuðningur við þær breytingar sem sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til uppfylli ekki ákvæði 2.gr. reglugerðar 676/2019.

Undirritaður hefur haldið úti atvinnustarfsemi allt árið um kring en það er alveg ljóst að nái þessar breytingar fram að ganga mun það hafa mikil áhrif á starfsemina. Samkvæmt útreikningum undirritaðs miðað við þær breytingar sem sveitarfélagið leggur til er áætluð úthlutun í þorskígildum eftirfarandi, af gefinni þeirri forsendu að allir bátar sem rétt hafa til byggðakvóta samkvæmt 1.gr. og 1.mgr. 4.gr reglugerðar nr. 676/2019, sæki um.

| Áætluð úthlutun 2019/2020 | Landaður afli 2018/2019 | 50% jafnt | 50% hlutfall af lönduðum aflu | Samtals |
|---------------------------|-------------------------|-----------|-------------------------------|---------|
| Sæli BA-333 | 698.052 | 10.714 | 61.780 | 72.494 |

Til samanburðar var úthlutun til Sæla BA-333 á fiskveiðiarinu 2018/2019 alls 252.656 þorskígildi. Það er því alveg ljóst að nái breytingarnar fram að ganga verður það mikið högg fyrir starfsemi útgerðarinnar sem bitnar fyrst og síðast á starfsfólki þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Steglu ehf.


Tryggvi Ársælsson